

Nd.

111. Breytingartillaga

[11. mál]

við frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá Einari Olgeirssyni.

2. gr. frv. orðist svo:

Ríkisstjórnin skal gefa bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem þessa togara vilja kaupa, forgangsrétt að því að kaupa þá, ef þau ætla að kaupa þá til eigin rekstrar. Ríkisstjórninni heimilast að lána þessum bæjar- og sveitarfélögum 85% af andvirði togaranna og nota til þess m. a. það lán, sem ríkisstjórninni í þessum lögum heimilast að taka, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélög þessa fjárstuðnings. Lánið skal greiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum. Vextir séu hinir sömu og ríkisstjórnin greiðir. Ríkisstjórninni heimilast að taka þau lán til viðbótar, er þarf til að fullnægja þessari kvöð.